

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugleiðum hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989:

1. Reykjavík — Patreksfjörður — Reykjavík
2. Reykjavík — Þingeyri — Reykjavík
3. Reykjavík — Ísafjörður — Reykjavík
4. Reykjavík — Sauðárkrókur — Reykjavík
5. Reykjavík — Akureyri — Reykjavík
6. Reykjavík — Húsavík — Reykjavík
7. Reykjavík — Raufarhöfn — Reykjavík
8. Reykjavík — Þórshöfn — Reykjavík
9. Reykjavík — Egilsstaðir — Reykjavík
10. Reykjavík — Neskaupstaður — Reykjavík
11. Reykjavík — Hornafjörður — Reykjavík
12. Reykjavík — Fagurhólsmýri — Reykjavík
13. Reykjavík — Vestmannaeyjar — Reykjavík

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Patreksfjörður — Ísafjörður — Patreksfjörður
2. Þingeyri — Ísafjörður — Þingeyri
3. Sauðárkrókur — Húsavík — Sauðárkrókur
4. Akureyri — Húsavík — Akureyri
5. Egilsstaðir — Hornafjörður — Egilsstaðir
6. Hornafjörður — Fagurhólsmýri — Hornafjörður

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Ernir hf., Ísafirði, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á leiðinni Ísafjörður — Hólmavík — Gjögur — Ísafjörður, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur að dómi ráðuneytisins.